

153 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 29 apríl 2020 kl.10.00 á Teams.

Mætt voru; Eggert Kjartansson, Bára Daðadóttir, Einar Brandsson, Árni Hjörleifsson, Lilja B. Ágústsdóttir, Guðveig Eyglóardóttir, Eyjólfur I. Bjarnason, Sif Matthíasdóttir, Jakob B. Jakobsson, Jósef Kjartansson og Björn Hilmarsson. Björgvin Helgason boðaði forföll. Þá sat Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV fundinn og ritaði fundargerð

Eggert Kjartansson, formaður SSV, setti fund kl.10.00

1. Fundargerð 152 fundar stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 152 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Fundargerðin var staðfest.

2. Ráðstefna um sameiningu sveitarfélaga

Rætt um nýja tímasetningu fyrir ráðstefnu um sameiningar sveitarfélaga, en ráðstefnunni sem fyrirhugað var að halda 12 mars s.l. var frestað sökum kórónaveirunnar. Stjórn samþykkti að stefna að því að halda ráðstefnuna í byrjun september.

3. Aðalfundur SSV

Rætt um nýja tímasetningu fyrir aðalfund SSV. Þeir tengdu aðilar sem hafa haldið aðalfundi sína sama dag og SSV leggja áherslu á að halda því samstarfi áfram. Stjórn samþykkti að halda aðalfund SSV í júní og fól framkvæmdastjóra að finna dagsetningu í samráði við aðra þá aðila sem halda aðalfundi í samstarfi við SSV.

4. Vesturlandsstofa

Lögð fram tillaga að breytingum á starfsemi Vesturlandsstofu, en skipaður var vinnuhópur til að gera tillögu að breyttu skipulagi hennar og laga starfsemina að þeim verkefnum sem tilgreind eru í tillögu stjórnvalda að Áfangastaðastofu. Jafnframt var hópnum falið að gera tillögu að því hvernig hægt væri að efla samstarf og auka samlegð af starfi SSV og Vesturlandsstofu, en SSV á allt hlutafé Vesturlandsstofu.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að starfsemi Vesturlandsstofu komi inn í skipurit SSV sem nýtt svið sem ber heitið Áfangastaðurinn. Áfram verði til sérstök kennitala fyrir Markaðsstofu Vesturlands og í gegnum þá kennitölu verði öll markaðsstarfsemi rekin. Stjórn ræddi tillöguna og í umræðu kom fram að hún hefði óveruleg áhrif á fjárhagsáætlun SSV. Stjórn SSV samþykkti tillögu vinnuhópsins.

5. Starfsmannamál SSV

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að breytingum á starfsmannahaldi SSV. Í henni felst að Margrét Björk Björnsdóttir láti af störfum sem atvinnuráðgjafi og taki við starfi fagstjóra

áfangastaðar og forstöðumanns Markaðsstofu Vesturlands, en hún gegndi starfi forstöðumanns tímabundið s.l. ár. Þá var lagt til að Helga Guðjónsdóttir sem leysti Margréti Björk af sem atvinnuráðgjafi s.l. ár verði ráðin í 60% stöðugildi atvinnuráðgjafa. Stjórn samþykkti fram komnar tillögur.

Jafnframt var lögð fram tillaga að starfslýsingu fyrir sumarstarfsmann þar sem fram kemur að sumarstarfsmaður muni vinna að gerð verklagsreglna og persónuverndarstefnu fyrir SSV. Stjórn samþykkti tillöguna.

6. Sóknaráætlun Vesturlands

Sóknaráætlun Vesturlands fékk viðbótarfjárveitingu að upphæð kr.28.400.000 sem voru hluti af aðgerðum stjórnvalda til viðspyrnu vegna Covid-19. Í tilkynningu um viðbótarfjárveitingu kom fram að „Landshlutasamtökum sveitarfélaga á hverju svæði verði falið að ráðstafa fjármagninu, hvort sem það er gert í gegnum uppbyggingarsjóði þeirra eða í gegnum átaks- eða áhersluverkefni. Fjármuninum skal varið í verkefni sem eru atvinnuskapandi og/eða stuðli að nýsköpun. Hver landshluti skal leggja áherslu á þær atvinnugreinar sem orðið hafa fyrir hvað mestum neikvæðum afleiðingum Covid-19 faraldursins á hverju svæði. Landshlutasamtökin skulu upplýsa ráðuneytið um það hvernig þau hyggist ráðstafa fjármuninum.“

Stjórn ræddi hvernig þessu fjármunum verði best varið og var niðurstaða stjórnar að nýta fjármunina til tveggja áhersluverkefna. Annars vegar verkefni um ferðaleiðir á Vesturlandi, en vinna við gerð ferðaleiða er nú þegar hafin á fjórum svæðum og hins vegar verkefni til markaðssetningar og eflingar ferðaþjónustu.

7. Ársreikningur Þjónusturáðs um málefni fatlaðra

Lagður fram endurskoðaður ársreikningur fyrir Þjónustusvæði Vesturlands um málefni fatlaðra. Í ársreikningi kom fram að tekjur þjónustusvæðisins voru alls 800.755.535 kr. en rekstrargjöld 799.561.508 kr. Niðurstaða ársins var því jákvæð um 1.410.372 kr. Stjórn samþykkti ársreikninginn.

8. Viðbrögð sveitarfélaga og SSV við kórónuveirunni

Lagt fram minnisblað frá fundi stjórnar SSV og framkvæmdastjóra sveitarfélaga á Vesturlandi með þingmönnum Norðvesturkjördæmis. Stjórn ræddi stöðuna og var sammála um að mikilvægt væri að eiga í virku samráði við þingmenn og helstu haghafa á Vesturlandi til þess að stilla saman strengi og miðla upplýsingum.

9. Kynningarefni í N4

Framkvæmdastjóri greindi frá viðræðum við N4 um aðkomu SSV að þáttunum „Að vestan“.

10. Framlögð mál

Fundi slitið kl. 11.58